

Sveitarstjórn Rangárþings ytra.

Efni: Aldamótaskógur/umgengni.

Aldamótaskógur á Gaddstöðum er samstarfsverkefni skógræktarféлага frá Lómagnúpi í austri og að Kjalarnesi í vestri, en er alfarið í umsjón Skógræktarfélags Rangæinga. Árið 2000 voru fengin fimm svæði til að rækta Aldamótaskóga á í landinu:

1) Vestfirðir - Barðaströnd vestan Kleifarheiðar. Land **Holts** , **Fitja** , **Skriðnafells og Hreggstaða** .

2) Austfirðir - Land úr **Heydölum** í **Breiðdal**

3) Vesturland - **Reykholt** í **Borgarfirði**

4) Suðurland - **Gaddstaðir við Hellu** í **Rangárvallasýslu**

5) Norðurland - **Steinsstaðir** í **Skagafirði**

Samningur um aldamótaskóga:

Í gildi er samningur sveitarfélags Rangárþing ytra (sem landeiganda Gaddstaða) við Skógræktarfélag Rangæinga, dags. 18. feb. 2002, um ræktun aldamótaskóga á 125 ha spildu. Þar kemur m.a. fram: • Í 2 gr. samnings segir; „Við suð-austurmörk svæðisins fyrirhugar landeigandi að úthluta sumarhúsalóðum. Lóðamörk ná 100 m vestur frá núverandi aðkomuvegi. Að auki er landeiganda heimilt að úthluta lóðarhöfum 100 m spildu áfram til vesturs, til umsjónar og afnota, enda sé kvöð um að þar skuli stunda skógrækt. Landeiganda er skylt að gera lóðarhöfum grein fyrir ofangreindu við samning“. • Í 7 gr. samnings segir; „Umsjónaraðili hefur forræði yfir ræktuninni. Umsjónaraðila er heimilt að leggja veg og standa fyrir öðrum framkvæmdum vegna ræktunarinnar til að greiða fyrir nytjum, svo og útivist almennings, ...“. • Í 9 gr. samnings segir; „Óski landeigandi að taka landið, eða hluta þess, til annars en skógræktar og útivistar og þá jafnframt úr forræði umsjónaraðila, er það heimilt ef hagsmunir landeiganda og almannaheill krefjast þess. Áður skal láta fara fram mat og fá samþykki yfirvalda skipulagsog umhverfismála eftir því sem lög kveða á um. Landeigandi og umsjónaraðili skulu reyna að ná samkomulagi um bætur til umsjónaraðila vegna kostnaðar við ræktun skógar á því landi sem þá fer úr umsjón hans. Landeiganda er heimilt að draga frá þeim bótum, þann kostnað sem fallið hefur á landið á samningstíma vegna eignarhalds þess. • Í 10 gr. samnings segir; „Umsjónaraðili hefur landið til umsjónar í 75 ár frá undirritun samnings, en greiðir ekki leigu af landinu. Við lok samningstíma skal landið áfram vera útivistar- og skógræktarsvæði og áframhaldandi kvöð um ræktun og friðun landsins hvíla á, nema nauðsyn beri til samkvæmt almannabörfum, enda hafi farið fram opinbert mat þar um.

Hugmyndin var að gróðursetja eina plöntu fyrir hvern Íslending í þessa skóga, á fyrsta ári voru gróðusettar 150.000 plöntur í Aldamótaskóg á Gaddstöðum og var það lang umfangsmesta gróðursetning í Aldamótaskóga. Nú er svæðið nær fullplantað, en árlega eru settar niður á bilinu 1000 til 2000 plöntur sem eru þá íbætur eða yndisplöntur. Yndisplöntur eru þá ýmsar berjaplöntur og eða skrautplöntur.

Á svæðinu hefur verið og er efnisnáma, þar sem einnig hefur verið losaður garðaúrgangur, m.a stór tré og fl. Gamla náman sem var rétt handan slóðans sem liggur yfir síkið er löngu aflögð. Slóðar liggja um skóginn, misgóðir.

Aldamótaskógur er eins og fram kemur hér að ofan hugsaður sem útivistarsvæði fyrir íbúa sveitarfélagsins og aðra sem vilja nýta sér svæðið og er það ekki síst fólk sem kom að útplöntun á upphafsári sem er duglegt að skoða framvinduna og hefur þá oft samband til að ræða hvað betur má fara.

Þá er rétt að koma að umgengni í Aldamótaskógi.

All oft hef ég rætt það óformlega að ekki gangi að losa jarðveg inná svæðið án samtals við umsjónaraðila, einnig að losun múrbrot og malbiks t.d sé óásættanleg án þess að efnið sé hulið eða frá því gengið á snyrtilegan hátt. Taldi reyndar að losun slíkra efna væri bönnuð þarna samanber skilti við efnisnámu. Nú nýlega var farið í vettvangsferð í Aldamótaskóg og kom þá í ljós að losað hefur verið moldarefni vinstra megin við brautina niður að síki, algjörlega óskiljanleg framkvæmd og ekkert samráð haft þar um. Í efnisnámunni er mikið múrbrot og spyr maður sig hvers vegna var þetta moldarefni ekki frekar nýtt til að hylja þessi múrbrot, frekar en að sturta því á þetta svæði. Þar fyrir utan er Sorpstöðin á Strönd sá staður sem þessi úrgangur hlýtur að eiga heim á. Þá er að því virðist farið að losa garðaúrgang ofan í gömlu námuna. Vekur það undrun og fordæmum við það verklag. Þarna var haft mikið fyrir því að gera gömlunámuna snyrtilega, plantað var í háar brekkurnar uppaf námunni á sínum tíma og lifa þær plöntur allar og dafna. Svona ringulreið við meðferð úrgangs á útivistarsvæðið Aldamótaskóga á Gaddstöðum er ómugleg.

Síðan eru það vélhjólin. Nú er það þannig að þeir sem aka vélhjólum hafa notað Aldamótaskóg um árabíl til þess að þeysast yfir móa og mela og láta þá einu varða hvort farið er eftir e.h brautum. Því er það þannig núna að svæðið er allt meir eða minna útkeyrt. Reynt hefur verið að höfða til vélhjólafólks í gegn um árin með samtali en ekki hefur það skilað árangri. Okkur minnir að hafinn hafi verið undirbúningur hjá sveitarfélaginu að svæði sem vélhjólaiðkendur gætu nýtt óárreyttir. Hvað varð um þann undirbúning?

Það er umhugsunarvert hvort ekki sé tímabært að nú verði farið í að finna vélhjólaiðkendum og starfsemi Paintball, sem einnig er í hluta Aldamótaskóga, nýjan samastað, þannig að þetta svæði megi nýtast í það sem það var úsett fyrir, útivist fólks, gangandi, ríðandi nú eða þeirra sem kjósa að aka um svæðið á bílum.

Rétt er að nefna að Skógræktarfélag Rangæinga hefur áður sent sveitarstjórn erindi vegna vélhjólasksturs, fyrst árið 2006 og í svari sveitarstjórnar þá segir: „Sveitarstjórn tekur undir áhyggjur skógræktarfélagsins af akstri torfærumóturhjóla og bendir á að standi yfir leit af svæði fyrir þá sem stunda þennan akstur. Lagt er til að Umhverfissviði verði falið að koma upp skitlum sem banni akstur vélhjóla á svæðinu“

Aftur sendi Skógræktarfélagið inn erindi árið 2011 vegna sama máls.

Það er von okkar að erindi þetta megi verða til þess að samtal verði tekið um Aldamótaskóg á Gaddstöðum sem leiði okkur áfram á þeirri vegferð að skógurinn verði okkur öllum til yndis, laus við hávaða og ekki síst skemmdir sem hljótast af þessari umgengi.

Við höfum átt viðræður við marga sem nýta svæðið til göngu eða útreiða og ber öllum saman um hversu dýrmætur þessi skógur er samfélaginu, fjölbreyttar leiðir, skjól farið að verða umtalsvert eftir því sem skógurinn stækkar og síðan góðir staðir sem hægt er að njóta víðsýnis af og ákveðið var í upphafi að planta ekki skógi.

Óskum við því eftir því að sveitarstjórn Rangárbings ytra taki þetta erindi til umfjöllunar.

Við erum tilbúin í viðræður um úrbætur og vitum að sveitarfélagið vill vinna að þessu með okkur.

Með góðri kveðju,

f.h stjórnar Skógræktarfélags Rangæinga,

Sigríður H. Heiðmundsdóttir,

formaður Skógræktarfélags Rangæinga.